



Gerð vindhviðu kortaþekju fyrir helstu þjóðvegi



Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur.
Sveinn Gauti Einarsson, umhverfisverkfræðingur.



Veðurvaktin ehf - vedurvaktin@vedurvaktin.is

1. Inngangur

Markmið með hviðuþekju er að útbúa hnitsett kerfi upplýsinga um varasama hviðustaði. Fyrir um 10 árum voru skráðar lýsingar á á vindafari og veðuráðstæðum á þekktum hviðustöðum ásamt því að staðirnir voru hnitsettir með hjálp starfsmanna Vegagerðarinnar sem vel þekjja til. Kotlagningin var tekin áfram, stöðum bætt við og lýsing á staðháttum og veðri endurskoðuð fyrir fyrri staði.

2. 86 hviðustaðir

Við skráninguna var gerð sú krafa að á viðkomandi stað væri þekkt að ökutæki eða vagnar hefði fokið út af eða lent í öðrum vandræðum vegna vinds. Í sumum tilvikum er klæðning að flettast af að auki. Stundum á hálka eða skafrenningur hlut að máli. Gerð var rík krafa að vandræði skapist vegna þess að vindurinn sé byljóttur. Nokkrum köflum er slept að þar sem hvasst verður af tiltekinn vindátt, en jafnvindi einkennandi. Reykjanesbraut í hvassri SA-átt er dæmi um slíkan kafla.

3. Hagnýting

Með hviðuþekjunni er til reiðu hnitsett kerfi upplýsinga fyrir 86 skilgreinda varasama hviðustaði eða vegkafla. Með hverjum þeirra fylgir lýsing og einkennandi vindátt eða vindáttir í lofti. Í raun er afrakstur þessarar rannsóknar kortaþekja sem getur hæglega gagnast með öðrum kortum eða stafrænum upplýsingakerfum fyrir þjóðvegi landsins.



Seleyri- Skeljabrekka

SSA- og S-átt

Á Borgarfjarðarbraut allt frá gatnamótum Vesturlandsvegur að Innri Skeljabrekku er um 7 km kafla þar misvinda verður í hvassri SSA-átt. Ekki þarf að muna nema örfáum gráðum í vindátt til fjalla hvar byljinir eru verstir og hvort yfir verði misvindi. Ökutæki hafa lent í vandræðum og fokið út af. Veðurhamurinn helst stundum í hendur við veginn undir Hafnarfjalli, en í sunnanstæðum vindi ná hviður niður á Borgarfjarðarbraut á meðan sleppur frekar undir Hafnarfjalli.

Þyrilsnes

A- og SA-átt

Efst á Þyrilsnesi magnast upp vindur og miklar hviður og fjallaköst koma meðfram og ofan af hömrum Þyrils. Óveðurskaflinn er verstur í beygjunni í brekkuna vestur fyrir efnisnámuna. Algengt og skiptir litlu hvort er A- eða SA-átt. Hættulegur staður í verstu veðrum á haustin og veturna.

Kjalarnes

N- og NNA-átt

Einn verst hviðustaður landins þar sem fok er algengt. Í N- og NNA-átt koma miklir hnútar ofan Kerhólakamb. Mest kveður að hviðum á veginum í beygjunni upp úr Kollafirði á um 900 m kafla. Vindurinn stendur nokkurn veginn þvert á ákurstefnu. Aðeins utar, þ.e. til móts við Esjuberg ber einnig á hviðum í N-átt, en sjaldan eins slæmt og þó fok ökutækja og aftanívagna þekist þar einnig.

47	Kjalarnes1	N64 12.615 W21 46.043
	Kjalarnes2	N64 12.997 W21 47.276
48	Grundarhverfi/Blikdalsá1	N64 14.474 W21 49.680
	Grundarhverfi/Blikdalsá2	N64 16.009 W21 50.053
49	Tíðaskarð1	N64 17.014 W21 49.610
	Tíðaskarð2	N64 17.576 W21 47.786
50	Hvalfjarðarbotn1	N64 22.161 W21 24.752
	Hvalfjarðarbotn2	N64 23.265 W21 21.626
51	Þyrilsnes1	N64 23.185 W21 24.950
	Þyrilsnes2	N64 23.524 W21 25.958
52	Hafnarfjall1	N64 27.894 W21 57.813
	Hafnarfjall2	N64 30.596 W21 54.974
53	Seleyri - Skeljabrekka1	N64 31.613 W21 52.927
	Seleyri - Skeljabrekka2	N64 32.390 W21 45.130
54	Borgarfjarðarbraut við Kvígsstaði1	N64 34.254 W21 40.466
	Borgarfjarðarbraut við Kvígsstaði2	N64 34.776 W21 38.912

Tíðni þegar fg≥35 m/s. 10 hæstu.

Hvammur	1,39%
Hafnarfjall	1,38%
Vatnsskarð eystra	1,22%
Stafá	1,22%
Hraunsmúli	1,22%
Sandfell	1,14%
Hamarsfjörður	1,11%
Kjalarnes	1,02%
Hafursfell	0,91%
Steinar	0,78%

Tíðni mældra vindhviða miðað við þröskuld; 35,0 m/s. Unnið var út frá öllum mælingum frá 2011-2020. Tíðnin er jafndreifð niður á mánuði, en eðlilega er hún alla jafna hæst yfir vetrarmánuðina.



Sumar, (júní-ág)

Tíðni þegar fg≥25 m/s. 10 hæstu.

Hraunsmúli	2,2%
Kjalarnes	2,1%
Hafursfell	2,0%
Reynisfjall	2,0%
Hafnarfjall	1,8%
Hamarsfjörður	1,8%
Hvammur	1,4%
Lómagnúpur	1,1%
Stafá	1,1%
Vatnsskarð eystra	0,9%

4. Næstu skref

Verið er að þróa hviðuspár fyrir þessa staði út frá spám um grunnvind og þekktum hviðustuðlum. Óvissibil verður minna þar sem byggt á vindmælingum, en vindmælur eru á 29 þessara 86 hviðustaða.

